

Skólaráð 4. okt 2018 kl. 8.10

Mættir: Björg Baldursdóttir skólastjóri, Örn Guðmundsson og Sigríður Þrúður Stefánsdóttir fulltrúar foreldra, Sif Garðarsdóttir og Helga Ágústdóttir fulltrúar kennara, Guðrún Sveinbjörnsdóttir fulltrúi starfsmanna og Kristín B. Guðmundsdóttir fulltrúi grenndarsamfélagsins.

Ritari er Sigrún Valdimarsdóttir aðstoðarskólastjóri

1. Fundir skólarráðs á skólaárinu

4. október, 29. nóvember, 10. janúar, 7. mars og 9. maí. Boðað verður til fleiri funda ef þurfa þykir. Einn fundur verður opinn skólarráðsfundur en tímasetning hans er ákveðin í samstarfi við stjórn foreldrafélagsins, sennilega í lok maí eða byrjun júní.

Tímasetning 8:10.

2. Skólabyrjun

Nemendafjöldi er 585, 52 kennarar og þar af 5 leiðbeinendur.

Teymi í ár eru: grænfáni, viðburðarteymi, spjaldtölvuteymi, öryggisnefnd, skemmtinefnd, innra mat og vinaliðar.

Þróunarstarf, þemadagur á elsta stigi. Kennslustundir hafa verið lengdar úr 40 mín í 60 mín. Fyrsta þemað að klárast og gekk nokkuð vel, agnúar slípaðir af fyrir næsta þema og verkefnið verður í þróun í allan vetur og sennilega lengur.

Uppfærsla á heimasíðu skólans stendur fyrir dyrum. Núverandi síða er þung í vöfum og nú er verið að finna hentugra form, tölvuumsjónarmaður og UT deild eru í samstarfi með að finna hvað hentar best.

3. Húsnæðismál

Allir nemendur komnir á sama blettinn og mikill munur á umgengni og skólabrag frá því í fyrravetur.

Miklar endurbætur unnar á húsnæði skólans í sumar; loftræstikerfi endurnýjað að hluta, nýjar hurðir, hillur og skápar endurnýjaðir, skipt um alla sílendra, tilfærslur á skrifstofum, matsalur stækkaður o.fl.

Verið að klára að setja upp leiktæki á skólalóðinni. Gæta þarf vel að lýsingu og skólalóðinni.

Hallir og Kastalar tilbúin til kennslu og aðstaðan býsna góð. Húsnæðið sniðið að okkar þörfum, t.d. með vinnurými nemenda á milligöngum, vinnuherbergi og kaffiaðstöðu starfsmanna.

Nokkuð um innbrot í Hallir.

Nú á niðurrif í Skólagerði að fara að hefjast, búið er að setja upp girðingar og vinnutæki komin á svæðið. Útboðsferli fyrir hönnun nýs skóla lýkur í nóvember 2018.

Fjármál skólans verða tekin fyrir á næsta fundi en stuttlega tæpt á þeim núna.

4. Námsferð starfsmanna Kársnesskóla á vorönn

Ósk um breytingu á útgefnu og samþykktu skóladagatali.

Starfsmenn langar að fara í námsferð til USA í febrúar 2019 og skoða þemanám, teymiskennslu og UT nám. Óskað er eftir að færa einn skipulagsdag frá 17. maí til 27. febrúar. Stjórn foreldrafélagsins hefur gefið samþykki fyrir þessari breytingu. Fulltrúar skólaráðs samþykkja þessa breytingu á skóladagatali og liggur undirskrift þess efnis hjá skólastjóra.

5. Persónuverndarlög og staða okkar hvað þau varðar

Nýráðinn persónuverndarfulltrúi Kópavogsbæjar er í vinnu með undirbúningshópi að skoða persónuverndarlög og áhrif þeirra á skólastarf.

Í Kársnesskóla er búið að gera áhættumat sem gengur út á að meta ógn sem stafar af innbroti sem og rafrænum árásum. Vinnsla með persónugreinanleg gögn eru fyrirferðamest, hverjir hafa aðgang að upplýsingum og hvaða upplýsingum.

Hér innanhúss þarf að búa til starfshóp til að vinna að því hvernig hér verður unnið með löginn.

Vinnslusamningar við UT deild Kópavogsbæjar og Mentor.is er í skoðun og vinnslu.

Skýrar línur um myndbirtingu komnar á heimasíðu Kópavogsbæjar.

Kennarar fá kynningu á því sem komið er á næsta kennarafundi, 10. október.

6. Önnur mál

Frá foreldrafélaginu, búið að kjósa nýja stjórn en ennþá ekki kominn formaður.

- Hafa fundað með Steinari í EKKÓ og sjá fyrir sér samstarf við félagsmiðstöðina. Tveir fulltrúar foreldraráðsins eru komnir með það verkefni að setja foreldraröltið í gang.
- Foreldrafélagið vill koma að forvörnum og hafa þegar bókað sálfræðing með fyrirlestur um netfíkn fyrir foreldra í 22. okt kl. 20. Starfsmenn eru velkomnir. Tillaga frá ritara fundarins að koma að fyrirlestri fyrir nemendur og foreldra um rafræn samskipti.
- Samræður um hvort foreldrafélagið getur styrkt skólann með leiserskera/þrívíddarprentara.
- Foreldrafélaginu gengur erfiðlega að koma pósti og skilaboðum til foreldra, getur skólinn hjálpað eitthvað til?
 - Ritarinn getur tekið það að sér að senda póst fyrir foreldrafélagið.
 - Verið að skoða hvort hægt er að búa til netfang fyrir foreldrafélagið.
 - Foreldrafélagið er með Facebook síðu og stefnir að því að vera með aðra síðu aðeins fyrir bekkjarfulltrúana.
 - Skólastjóri er tilbúinn að koma á fund stjórnar foreldrafélagsins og koma að málum eftir því sem kostur er.
- 24. nóvember er stefnt að jólafondri.
- Enn vantar bekkjarfulltrúa í einhverja árganga.

Fundi slitið kl. 9:00.

